

Þrítugasti og áttundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjosarsvæðis var haldinn þann 17. maí 2018 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15.

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir og Þorsteinn Narfason sem ritaði fundargerð. Árni Davíðsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Óli Valur Steindórsson f.h. Sósi ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri matsöluvagns Hlöllabáta í Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir staðsetningu við Sunnukrika en lager og vinnsluaðstaða er í Reykjavík.
Samþykkt til 4 ára með vísan til laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum.
- b. Sólveig Þorleifsdóttir sækir um endurnýjun starfsleyfis f.h. Krílakots fyrir starfsemi daggæslu þar sem tvær dagmæður starfa saman með aðsetur að Njarðarholti, Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með vísan í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum.
- c. Mosfellsbær sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir barnaskóla, Varmárskóla yngri deild að Varmá Mosfellsbæ.
Samþykkt til 12 ára með vísan í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum.

2. Umsagnir um nýja löggjöf

- a. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis um reglugerð um fráveitur og skólp dagsett 25. apríl 2018.
- b. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis um reglugerð um mengaðan jarðveg dagsett 15. maí 2018.

3. Ársreikningur 2017

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis fyrir árið 2017 var lagður fram.
Ársreikningurinn var samþykktur.

4. Heilsuspillandi málmar í svifryki.

Lagt var fram bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dagsett 7. maí 2018 þar sem aðrar heilbrigðisnefndir eru hvattar til að taka niðurstöðurnar alvarlega m.t.t að skoða úrræði til að bregðast við þeirri miklu mengun sem niðurstöðurnar sýna með markmiði að minnka eða ná böndum á að slíkt endurtaki sig.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

5. Önnur mál.

- a. Kynnt var að vorfundur heilbrigðiseftirlitssvæða með yfirumsjónarstofnunum og ráðuneytum var haldinn að Hótel Vík daganna 9. og 10. maí 2018. Framkvæmdastjóri tók þátt í fundinum.
- b. Lagðar voru fram endanlegar leiðbeiningar Matvælastofnunar um hunda og ketti á veitingarstöðum.

Fundi slitið 19.00